

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 37/1900: Hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps
 gegn
 landritara Jóni Magnússyni
 vegna dánarbús sýslumanns
 Benedikts Sveinssonar.

D ó m u r:

Frá fardögum 1899 átti sýslumaður Benedikt Sveinsson bú og heimili á Vatnsenda í Seltjarnarnesshreppi, þangað til hann lézt 2. ágústm. s. ár. Tóku þá fullveðja erfingjar hans búið til skifta meðferðar, og hinn 8. októbermán. næst á eftir afhentu þeir einum meðerfingjanum alt búið á Vatnsenda til eignar, bæði gangandi fé og dauða muni, og heimiluðu honum jörðina til ábúðar afgangslauslaust til næstu fardaga á eftir. Þetta sama haust gjörði hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi dánarbúi Benedikts Sveinssonar að greiða aukaútsvar til hreppsins fyrir fardagaárið 1899—1900 að upphæð 100 kr., og jafnframt krafði hún búið um jarðartíund og lausafjártíund fyrir sama ár, að upphæð 5 kr. 70 aur. Krafðist hreppsnefndin þess, að gjöld þessi væru innheimt með lögtaki, ef á þyrfti að halda, hjá umráðamanni dánarbúsins, en fyrir fúgetarétti Reykjavíkur 7. september f. á. neitaði hann að greiða aukaútsvarið, en kvaðst mundu

greiða tíundirnar, þó eigi fyrir hönd dánarbúsins, heldur fyrir hönd meðerfingjans, sem hafði tekið við búinu. Var svo 10. s. mán. kveðinn upp úrskurður í málinu af fúgetarétti Reykjavíkur á þá leið, að lögtak yrði ekki gjört fyrir áminstum gjöldum.

Úrskurði þessum hefir hreppsnefnd Seltjarnar-nesshrepps skotið til yfirdómsins með stefnu útgef-
inni 12. nóvemberm. f. ár, og hefir hún til þess fengið gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann. Hefir málaflutningsmaðurinn krafist þess hér fyrir réttinum, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur, og fúgetanum upp á lagt að framkvæma lögtak á gjöldum hreppsins 105 kr. 70 aur.; ennfremur að sér verði tildæmd hæfileg málssóknarlaun, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og að stefndi verði að öðru leyti dæmdur í málskostnað. Hinn stefndi hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum þótt löglega sé stefndur, og verður því málið dæmt eftir hinum framlögðu gögnum og skilríkj-
um samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Með því að hinn stefndi greiddi fátækrafund-
irnar, 5 kr. 70 aur., í fúgetaréttinum 10. septbr. f. ár, kemur spurningin um þær nú eigi til álita. Að því er aukaútsvarið, 100 kr., snertir, þá verður að fallast á það, að eftir löggjöf vorri sé eigi heimild til, að skoða dánarbú sem gjaldþegn, sem jafna megir á sem slík aukaútsvari, sjá lög nr. 9^o 9. ágúst 1889, 1. másl., lög nr. 1, 9. jan. 1880, 1. gr. 1. másl., og reglugj. 8. jan. 1834, 10. gr. Og

þarsem því hefir verið haldið fram *til vara* af hreppsnefndarinnar hálfu, að aukaútsvarið álitist hafa verið lagt á ábúð dánarbúsins á Vatnsenda samkvæmt 2. másl. nefndra laga 9. ágúst 1889, þá getur sú varakrafa eigi samrýmst aðalkröfunni, að útsvarið hafi verið lagt á dánarbúið *i heild sinni*, og er varakrafa þessi því sjálffallin, enda er enga upplýsing eða jafnvel fullyrðing að finna um það í málinu, að aukaútsvarið hafi verið lagt á og miðað við ábúð búsins eina á téðri jörð. Það verður því að fallast á það, að fógetinn neitadi að framkvæma hið umbeðna lögtak, og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð. Málskostnaður fellur niður og eftir þessum úrslitum málsins verða hinum skipaða málfærslumanni áfrýjanda eigi dæmd málflytningislaun, en það vottast, að sóknin af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi fógetaréttarúrskurður skal vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 32/1900:

Páll Markússon

gegn

Eggert Laxdal fyrir hönd »Gudmanns Efterfølgers« verzlunar.

D ó m u r:

Með samningi dags. 28. júní 1899 lofaði áfrý-